

30/05/2024

Ársskýrsla skólasafns Brekkuskóla 2023-2024



Sigríður Margrét Hlöðversdóttir
Skólasafn

Efnisyfirlit

Skólasafn Brekkuskóla	2
Safnkostur	2
Notkun safnkosts og lán milli safna.....	4
Stefnumótun og starfsáætlun	4
Lestrarhvatningarverkefni	4
Samstarf	4
Að lokum	4
Fylgiskjal 1 Aðfangastefna skólasafns Brekkuskóla 2019-2024	5
Fylgiskjal 2 Starfsáætlun 2023-2024	7

Skýrslu þessari er ætlað að veita upplýsingar um skólasafn Brekkuskóla, starfsemi og nýtingu safnkosts.

Í skólanum eru um 500 nemendur og 80 starfsmenn. Safnstjóri er Sigríður Margrét Hlökkversdóttir, netfang: sighlo@akmennt.is og starfsmaður á safni er Gunnar Orri Árnason, netfang: gunnararna@akmennt.is. Safnstjóri heldur úti samskiptasíðu á Facebook og vefsíðu *Gaman og gagn á skólasafni* <https://gamanoggagn.wordpress.com/>.

Skólasafn Brekkuskóla

Skólasafnið í Brekkuskóla er staðsett á miðhæð við aðalinngang. Safnið er 107,7 fermetrar með sætum fyrir 16-25 nemendur. Á safninu eru 16 borðtölvur. Námsgögn, grunnbækur, vasareiknar og fartölvur fyrir nemendur á mið- og unglingastigi eru lánuð út af safninu. Gögn þessi eru ýmist lánuð yfir önnina eða allt skólaárið. Auk þess geta nemendur og starfsfólk fengið lánaðar bækur til frístundalesturs. Útlánatími er þá þrjár vikur en auðvelt er að endurnýja útlán eftir þörf hverju sinni. Að vori þegar skóla lýkur þarf að skila öllum gögnum sem skráð eru á safnið. Yfir sumarið er nemendum ráðlagt að leita til Amtsbókasafnsins.

Safnið er opið á skólatíma frá 8-16. Námsaðstaða er fyrir nemendur og eru nemendur á unglingastigi sérstaklega hvattir til að nýta aðstöðuna ef eyður eru í stundaskrá. Kennarar geta nýtt sér skólasafnið sem framlengingu á eigin skólastofu og komið með hópá í verkefnavinnu í samráði við safnstjóra. Safnið er opið fyrir útlán þó svo að þar séu hópar við nám undir handleiðslu kennara eða á eigin vegum. Mikilvægt er að ganga alltaf rólega um safnið og sýna tillitssemi svo þar sé þægilegt að vera.

Safnkostur

Safnkostur er skráður í Landskerfi bókasafna sem er aðgengilegur á netinu. Leitarsíða Brekkuskóla á Leitir.is er:

https://brekkuskoli.leitir.is/discovery/search?vid=354ILC_GRUNNSK:03079

Safnkostur er byggður upp í samstarfi við nemendur, kennara, stjórnendur og foreldra. Bókum er ráðað eftir flokkunarkerfi Dewey en þá er fræðiritum ráðað eftir efni og skáldritum eftir höfundum.



Safngögn - eintök	Eign í byrjun 2023	Aðföng	Afskrifað	Eign í lok 2023
Fræðibækur og skáldsögur	27.558	944	893	27.609
Tímarit	453	20	214	259
Snældur	2			2
Hljómdiskar	82		1	81
Hljóðbækur (AUDSP, CDSPO, MP3)	268	1	61	208
Myndbönd (eintök titla)	11			11
Mynddiskar/DVD	107		2	105
Tölvuforrit	36		1	35
Gagnasamstæður	35			35
Möppur	35			35
Ljósmyndir og nótur	5		3	2
Spil	331	39	5	365
Tæki - tölvur, myndavélar ofl.	863	155	68	950
Samtals	29.786	1.159	1.248	29.697

Veturinn 2023 – 2024 var lögð áhersla á að kaupa bækur til ánægjulestrar fyrir öll stig. Handbækur og fræðibækur fyrir kennara voru keyptar eftir þörfum ásamt námsspilum. Heildarframlag til skólasafnsins árið 2023 var 883.000 kr.

Safninu berast af og til gjafir frá nemendum, foreldrum og starfsfólki sem koma sér afar vel fyrir lánþega safnsins. Auk þeirra barst árið 2023 eins og undanfarin ár gjöf frá *Foreldrafélagi Brekkuskóla* sem færði skólasafninu bækur að andvirði um 150.000 kr. fyrir jólin 2023. Vegleg bókagjöf barst frá rithöfundinum *Hrund Hljóðversdóttur* í samstarfi við bókaútgáfuna Hólar, 22 et. af ÓGN - ráðgátan um Dísar-Svan og 22 et. af ÓRÓI - krunk hrafnanna. Bækurnar eru spennusögur og hugsaðar til að kynna þjóðsagnaarf Íslendinga fyrir ungmennum. Þær fjalla um unglunga sem flækjast inn í ævintýraheim álfheima.

Nemendur á unglíngastigi tóku þátt í Siljan árlegri myndbandasamkeppni á vegum Barnabókaseturs. Markmið hennar er að efla lestraráhuga barna og unglunga. Dómnefnd í Siljunni 2024 valdi myndbandið *Drengurinn með ljáinn* sem sigurmyndband í eldri flokki Siljunnar 2024. Myndbandið gerðu Anton Dagur Björgvinsson, Anton Bjarni Bjarkason, Birkir Kári Helgason, Emilía Ingibjörg Guðjónsdóttir, Katrín Karlinna Sigmundsdóttir og Ragnheiður Alís Ragnarsdóttir. Verðlaunin fyrir 1. sætið eru að þeir sem stóðu að myndbandinu fá að velja bækur á íslensku að andvirði 50.000 kr. frá Pennanum Eymundsson fyrir skólabókasafnið í samstarfi við starfsmann skólabókasafnsins. Ungmennin í 1. sætinu fá að auki bókagjöf frá Forlaginu, bókina *Hrím* eftir Hildi Knútsdóttur.

Notkun safnkosts og lán milli safna

Heildarfjöldi útlána bóka var 9.492 og annarra gagna voru 573. Útlán á bókum voru bæði innan skólans, heim til nemenda og milli safna. Útlán af safninu voru mun meiri í vetur en fyrri skólaár. *Amts bókasafnið á Akureyri* hafið milligöngu um bækur á erlendum málum frá *Bókasafni Móðurmáls - Móðurmál, samtök um tvítyngi* í vetur. Reyndist það fyrirkomulag mjög vel.

Stefnumótun og starfsáætlun

Unnið er eftir aðfangastefnu, grísjunaráætlun og umbótaáætlun sem settar voru 2020 til fimm ára. Á haustin er gerð starfsáætlun fyrir safnið, þá eru viðburðir settir upp í tímalínu, sjá fylgiskjal 2. Starfsáætlun er síðan send til kennara í tölvupósti.

Lestrarhvatningarverkefni

Í vetur var nemendum í öðrum og þriðja bekk boðið sérstaklega upp á Jólasveinalestur. Kennarar fengu bækurnar sendar í stofur og gátu þá aðstoðað nemendur við val á bókum. Lesa þurfti 5 bækur til að fá viðurkenningarskjal og mega draga sér jólasveinaviðurnefni. Nemendur í 4.-6. bekk tóku einnig þátt í lestrinum en þá með því að velja sér jólabækur á bókasafninu.

Eins og undanfarin ár tók þriðji bekkur þátt í Herramannalestri þar sem nemendur semja bók um herra mann/ungfrú, lesa Herramannabækur, draga sér viðurnefni og fá staðfestingarskjal.

Seinni hluta vetrar var boðið upp á nýjan lestrarklúbb, Litla fólkið með stóru draumana.

Í vetur, eins og undanfarin ár, var reynt að halda á lofti og vekja athygli á rithöfundum meðal annars með því að kynna þá sérstaklega á afmælisdögum þeirra.

Samstarf

Starfsfólk barnabókasafna á Eyjafjarðarsvæðinu eru með sameiginlegan vettvang til samstarfs og eru með netfangið starfsfólkaskolasafnaey@akureyri.is. Reglulegt samstarf hefur verið á milli þeirra í vetur.

Að lokum

Nemendahópar komu mikið á safnið til að lesa, spila og teikna. Næsta vetur verður aðfangastefna safnsins endurskoðuð og unnin ný stefna til næstu 5 ára. Starfsemi safnsins er í stöðugri þróun.

Fylgiskjal 1 Aðfangastefna skólasafns Brekkuskóla 2019-2024

Aðfangastefna skólasafns Brekkuskóla

“Velja, viðhalda og varðveita aðgang að þekkingu og menningu” (IFLA)

Aðföng

Aðfangastefna er hjálpartæki við uppbyggingu safnsins og viðhaldi þess. Aðfangastefna er endurskoðuð á 5 ára fresti. Hér fyrir neðan er stefna safnsins 2019 til 2024.

Það sem hafa þarf í huga við innkaup fyrir safnið:

Flokkur	Innkaup á nýjum bókum fyrir safnið:	Hámarkskaup
A	Vinsælustu bækur og bókaflokkar hverju sinni.	3-6 eintök
B	Íslenskar barna-og unglingabækur (sem ekki falla undir flokk A)	1 eintak
C	Þýddar barna-og unglingabækur (sem ekki falla undir flokk A)	1 eintak
D	Erlendar teiknimyndasögur (t.d. Manga)	1 eintak
E	Fræðibækur	1-2 eintök
F	Vinsælar fræðibækur	3-6 eintök
G	Byrjendalæsisbækur	5-6 eintök

Smá saman með gjöfum eykst fjöldi bóka og endurnýjun á sér einnig stað. Ef mikil eftirspurn myndast eftir bók eru keypt fleiri eintök ef þörf krefur. Auk þess er leitast við að endurnýja vinsælar bækur og Byrjendalæsisbækur eftir þörfum. Varðandi spil þá er reynt að endurnýja þau eftir þörfum og kaupa að lágmarki 4 ný spil á ári.

Gjafir

Hafa þarf í huga varðandi gjafir:

- að gæta þagmælsku við móttöku gjafa.
- að þiggja gjafir nema þær séu gefnar með skilyrðum.
- að í sérstökum tilfellum eru gjafir merktar gefanda það á við um sjaldgæft efni eða efni sem hefur sérstaka þýðingu fyrir skólann og nærsamfélagið.

Grisjun

Grisjun felur í sér að fjarlægja efni af safninu sem ekki passar við safnkostinn. Tilgangur hennar er að:

- Spara pláss.
- Spara tíma starfsfólks og notenda.
- Gera safnið meira aðlaðandi.
- Auka trúverðugleika safnsins með því að fjarlægja úreltar upplýsingar.
- Gefa mynd af safnkostinum, styrkleikum hans og veikleikum.

Það sem hafa þarf í huga við grisjun:

Grisjaðar og afskrifaðar eru:

- Bækur sem eru illa farnar, rifnar og skítugar.
- Bækur sem hafa ekki farið í útlán í 4 ár.
- Bækur sem eru til í fleiri en einu eintaki en hafa ekki verið lánaðar út í 2 ár – afskrá aukaeintök.
- Bækur sem innihalda efni sem er óviðeigandi fyrir grunnskólabörn.

Nauðsynlegt er að hafa í huga útgáfuár og Dewey flokkstölur þegar grisjað er. Sjá töflu:

Flokkstala	Árafjöldi	Flokkstala	Árafjöldi
000	2-10 ár	700	5-15 ár
100	10 ár	800	Mismunandi - skáldsögur 10 ár
200	2-10 ár	900	15 ár
300	5-10 ár	920-921	Ævisögur ýmis viðmið
400	10 ár		Uppflettirit 5-7 ár
500	5-10 ár		Handbækur meta hverja og eina
600	5-10 ár		Tímarit 5 ár

- Hafa þarf í huga hvort komnar séu nýrri útgáfur sem nýtast í stað þeirra sem grisjaðar eru.
- Undanþegin grisjun eru safngögn með sérstaka þýðingu fyrir safnið og nærsamfélagið óháð útlánatíðni.

Áherslur næstu 5 ár

Skólaár	Áhersla
2019-2020	Grisja út í öllum flokkum eldgamalt efni og kaupa nýjar bækur, fyrir Byrjendalæsi, ensku og endurnýja vinsælt efni.
2020-2021	Grisja og kaupa bækur fyrir náttúrufræði, vinsælar skáldsögur, Byrjendalæsi og nýjar bækur.
2021-2022	Bæta við og grisja úr landafræði og sögu. Nýjar bækur, Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur.
2022-2023	Grisja samkvæmt grisjunaráætlun. Kaupa nýjar bækur, kaupa fyrir Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur.
2023-2024	Grisja samkvæmt grisjunaráætlun. Kaupa nýjar bækur, kaupa fyrir Byrjendalæsi og endurnýja vinsælar bækur.

Fylgiskjal 2 Starfsáætlun 2023-2024

Skólasafn starfsáætlun 2023-2024

	Áætlun um viðburði og verkefni sem tengjast skólasafninu	Verkefni
Ágú.	Skipulagsvinna, frágangur og útlán bóka. Nýjar bækur kynntar.	Sumarlestur (viðurkenningar) Uppstilling á bókum.
Sep.	8. sept. Dagur læsis. <i>Þema ársins: Efling læsis í síbreytilegum heimi: Að leggja grunn að sjálfbærum og friðsamlegum samfélögum.</i> https://www.unesco.org/en/days/literacy-day 8. sept. Ljóð: <i>Menntun – gleði – umhyggja – framfarir.</i> https://issuu.com/hafsteinnkarlsson/docs/lj___ager___me___b___rnu m 16. sept. Dagur íslenskrar náttúru. (laugardagur) https://vefir.mms.is/dagsins/dagur_isl_natturu/index.html https://landvernd.is/ https://islensktalmanak.wordpress.com/dagar/dagur-islenskrar-natturu/ 26. sept. Evrópski tungumáladagurinn. https://edl.ecml.at/Home/tabid/1455/language/is-IS/Default.aspx https://vigdis.hi.is/	Afhending viðurkenninga fyrir sumarlestur. Uppstilling á ljóðabókum og ljóðum. Nemendur semja ljóð. Uppstilling á bókum (náttúrufræðingur skólans) Uppstilling texta á ýmsum Evrópskum tungumálum (lukkuhjólíð).
Okt.	1.-7. okt. Vika bannaðra bóka til að minna á tjáningarfrelsið og frelsi til að lesa. https://www.ala.org/advocacy/bbooks https://bannedbookweek.org/	Uppstilling á bókum sem hafa verið bannaðar. 9. bekkur aflar upplýsinga og kynnir bækur sem hafa verið bannaðar.

	<p>27. okt. Alþjóðlegi bangsadagurinn https://kennarinn.is/download/bangsadagurinn-2/</p> <p>31. okt. Hrekkjavaka https://is.wikipedia.org/wiki/Hrekkjavaka https://islensktalmanak.is/dagar/hrekkjavaka/</p>	<p>Uppstilling á bangsabókum (Bangsaverkefni /kosning).</p> <p>Uppstilling á draugasögum.</p>
Nóv.	<p>8. nóv. Baráttudagur gegn einelti https://mms.is/dagur-gegn-einelti https://www.youtube.com/watch?v=kfX56SoTNu4</p> <p>13. – 19. nóv. Norræn bókmenntavika. <i>Þema ársins: Norræn jól.</i> https://www.nordisklitteratur.org/is/</p> <p>16. nóv. Dagur íslenskrar tungu. https://vefir.mms.is/dagsins/dag_isl_tung/index.htm https://jonashallgrimsson.is/index.php?page=dagur-islenskrar-tungu</p> <p>17. nóv. Jólalestur.</p> <p>20. nóv. Dagur mannréttinda barna https://barnasattmali.is/ https://www.barnaheill.is/is/starfid-okkar/samstarfsverkefni/dagur-mannrettinda-barna</p>	<p>Bókum sem tengjast góðum samskiptum stillt upp á safninu.</p> <p>Norrænum bókum og fánum stillt upp á safninu. (Emil í Kattholti 60 ára).</p> <p>Tungubrjótar (lukkujólið).</p> <p>Jólabækur teknar fram, sendar í stofur og stillt upp á safninu.</p> <p>Bókum um réttindi barna stillt upp á safninu.</p>
Des.	<p>1. des. Fullveldisdagurinn. https://www.stjornarradid.is/rikisstjorn/sogulegt-efni/heimastjorn-1904-1918/leidin-til-sjalfstaedis/</p> <p>Bókakynningar.</p> <p>Rithöfundaheimsóknir.</p> <p>20. des. Litlu jólin.</p>	<p>Kynning á skjaldarmerki og sögu Íslands.</p> <p>10. bekkur kynnr nýjar bækur fyrir yngri nemendum.</p> <p>Höfundar kynna bækur sínar.</p> <p>Listi yfir bækur til upplestrar lagður fram.</p>

Jan.	<p>4. jan. Nýjar bækur.</p> <p>6. jan. Prettándinn (laugardagur).</p> <p>19. jan. Bóndadagur – upphaf Þorra.</p>	<p>Nýjar bækur settar í forgrunn.</p> <p>Jólabækur teknar úr sýningu.</p> <p>Þjóðsögur/ævintýri</p>
Feb.	<p>11. feb. Dagur íslenska táknmálsins (sunnudagur). https://mms.is/frettir/dagur-islenska-taknmalsins https://www.deaf.is/utgafa/myndbond/biodagur-dagur-islenska-taknmalsins https://www.shh.is/Um-SHH/Frettir/bordi-forsida/Dagur-islenska-taknmalsins/</p> <p>18. feb. Konudagur – upphaf Góu (sunnudagur).</p> <p>21. feb. Dagur móðurmálsins. https://unesco.is/althjodadagur-modurmalsins/ http://tungumalatorg.is/</p>	<p>Uppstilling á bókum sem tengjast táknmáli og tungumálum.</p> <p>Þjóðsögur/ævintýri</p>
Mars	<p>Stóra upplestrarkeppnin 7. bekkur. Litla upplestrarkeppnin 4. bekkur. http://upplestur.hafnarfjordur.is/</p> <p>Siljan – myndbandasamkeppni https://barnabokasetur.is/siljan/</p> <p>Bókaverðlaun barnanna.</p> <p>14. mars. Dagur stærðfræðinnar. https://www.idm314.org/</p>	<p>Upplstur – hvatning.</p> <p>Allir nemendur í 5.-10. bekk geta tekið þátt með því að senda inn 2-3 mínútna myndband um barna- eða ungmennabók. Valverkefni í íslensku í 9. og 10. bekk.</p> <p>Veggspjald með barnabókum. (kosning).</p> <p>Uppstilling á bókum sem tengjast stærðfræði.</p>
Apr.	<p>2. apríl Dagur barnabókarinnar. (Pálmásunnudagur)</p>	<p>(Upplstur á</p>

	https://ibby.is/vidburdir/dagur-barnabokarinnar/ https://mms.is/frettir/althjodlegur-dagur-barnabokarinnar	Rás 1)
<i>Mái</i>	<p>Forsetakosningar</p> <p>Samantekt, skil, frágangur og mat.</p>	Myndum af forsetum lýðveldisins hengdar upp.
<i>Júní</i>	Skil, frágangur og mat.	
<i>Önnur verkefni sem dreifast yfir skólaárið</i>		
	<ul style="list-style-type: none"> • Læsisstefna https://www.brekkuskoli.is/static/files/efni/uppfaerd-laesisstefna-brekkuskola-jan2023-1-.pdf • Lestrarmenning https://mms.is/sites/mms.is/files/40_hugmyndir_hires.pdf • Bókalistar, verkefnavinna og upplýsingaleit. • Vakin athygli á bókum og lestri. • Lestrarhvatning (Disney-, dreka-, ævintýra-, Herramanna- og jólalestur). https://gamanoggagn.wordpress.com/ • Afmælis dagar rithöfunda. 	<p>Myndir af bókum hengdar upp á göngum skólans og kynntar á safninu.</p> <p>Samantekt (Topplistar, þemalistar). Bækur teknar til á bókavagna sem fara í stofur.</p> <p>Topp 10 vinsælustu bækurnar. (skipta hálfsmánaðarlega)</p> <p>Lestrarheilræði/</p> <p>Uppstilling á bókum rithöfunda á afmælisdegi þeirra.</p>

	<ul style="list-style-type: none"> • <i>Ljóð vikunnar.</i> • Gera sýnilegra að starfsfólk les. • MenntaRúv notað til að tengja starfið við mál líðandi stundar og vakin athygli á bókum tengdum þeim. https://www.ruv.is/sjonvarp/renningur/menntaruv 	<p>Ljóð vikunnar hengt upp á göngum skólans.</p> <p>Hengja upp á vegg lýsingu á því hvað er lesið.</p>
<i>Hugmyndir í þróun</i>		
	<ul style="list-style-type: none"> • Tenging við heimili. • Uppáhalds bækur starfsfólks. 	<p>Þjóða forráðamönnum að koma á samtalsdegi og velja með barninu bók til að lesa. Skrifa sameiginlega umsögn um bókina.</p> <p>Hengja upp mynd af starfsfólki með bók sem það mælir með.</p>